

Alþingi
Erindi nr. P 130/1448
komudagur 19.3.2004

AFRIT

Yfirlýsing Fjölmeningarráðs
vegna tveggja frumvarpa um réttindi útlendinga
(óháð flokkspólítískum línum)

Vinstri hreyfingin Grænt framboð hefur lagt fram á Alþingi tvö frumvörp til breytinga á lögum um grundvallarréttindi útlendinga á Íslandi, þ.e. dvalarleyfi og atvinnuréttindi. Annað frumvarpið er frumvarp til laga um breytingar á Lögum um útlendinga. Hitt frumvarpið er frumvarp til laga um breytingar á Lögum um atvinnuréttindi útlendinga

Fjölmeningarráð telur frumvörpin í senn fela í sér mikilvægar réttarbætur fyrir útlendinga og styrkja samfélagslegt réttlæti í landinu. Meðal réttarbóta í frumvarpinu má nefna:

1. Að tryggja réttindi erlendra ungmenna við 18 ára aldur eftir að hafa dvalið í landinu sem nánustu aðstandendur Íslendinga eða útlendinga með óbundin dvalarleyfi.
2. Að tryggja réttindi innflytjendakvenna við skilnað/sambúðarslit við Íslendinga eða útlendinga með óbundið dvalarleyfi vegna heimilisofbeldis.
3. Að tryggja að útlendingar geti notið fjárhagsaðstoðar frá sveitarfélagum innan ákveðins ramma án þess að eiga á hættu að vera synjað um veitingu dvalarleyfis.
4. Að veita útlendingunum sjálfum en ekki atvinnurekendunum, eins og í núverandi kerfi, tímabundið atvinnuleyfi. Með því móti er útlendingunum gert auðveldara með að verja stjórnarskrárbundin réttindi sín í landinu.

Fjölmeningarráð telur ofangreindar breytingar bæta réttindi útlendinga og veiti þeim möguleika á að nálgast lífskjör annarra íbúa í landinu. Við beinum sjónum fólks að því að innflytjendakonur og -börn eru yfirleitt raddlaus hópur í samfélaginu og hvetjum almenning óháð stjórnmalaskoðunum til að styðja frumvörpin og beita sér þar með fyrir því að áðurnefndar réttarbætur verði að lögum fyrir þinglok 2004.

Reykjavík, 16.mars 2004

Stjórn Fjölmeningarráðs
www.simnet.is/multiculturalcouncil

Tengiliður: Toshiki Toma
Holtsgötu 24, 101 Reykjavík
869 6526 / toshiki@vortex.is

☞